

# KIRKJUGARÐARÁÐ

152 fundur haldinn mánudaginn 11. júní 2018

í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins** voru Halldór Arason endurskoðandi Deloitte og Margrét Guðjónsdóttir bókarari hjá KGSÍ.

Fundur var settur kl. 14:00.

1. **Fundur settur og fundargerðir síðustu funda lagðar fram. Fundargerðir 150. og 151.**  
Fundargerðir lagðar fram og samþykktar.
2. **Framlag ríkisins til kirkjugarða. Ársreikningur 2016.**  
Halldór Arason endurskoðandi Deloitte kynnti niðurstöðu ársreikningsins. Kirkjugarðaráð samþykkti ársreikninginn. Ákveðið var að framvegis verði ársreikningur vegna framlags ríkisins til kirkjugarða frá Kirkjugarðaráði en ekki frá KGSÍ og mun Þórsteinn Ragnarsson greina Deloitte frá því.
3. **Fundur stjórnar KGSÍ með fjárlaganefnd 28. maí sl.**  
Framkvæmdastjóri og Þórsteinn Ragnarsson kynntu málið. Útbúinn hafði verið staðreyndablað um rekstrarvanda kirkjugarðanna sem nefndinni var afhentur.
4. **Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands haldinn 9. júní s.l. Ályktun fundarins og næstu aðgerðir.**  
Framkvæmdastjóri og Þórsteinn Ragnarsson kynntu.
5. **Grafreiturnir á Laugarvatni – erindi frá Miðdalssókn.**  
Framkvæmdastjóri kynnti erindið og nauðsynlegar breytingar til að bæta aðgengi að grafreit á Laugarvatni. Teikningar sem sóknarnefnd hafði látið gera af fyrirhuguðum stíg lágu fyrir. Kirkjuráð hafði ekkert við þær teikningar að athuga og fól framkvæmdastjóra að svara erindinu.
6. **Næsti fundur.** Ákveðið var að fara í ferð um Skagafjörð og skoða kirkjugarða og ræða við umsjónarmenn og stjórnir dagana 30. og 31. ágúst.

## 7. Önnur mál.

Kristín Huld kynnti stöðu mála vegna Víkurgarðs. Minjastofnun er ósátt við að fá beiðnir frá framkvæmdaaðilum smám saman. Umsóknir hafa komið frá mismunandi aðilum og á mismunandi tímum. Hún hafði bent Benedikt umsjónarmanni framkvæmda á að Minjastofnun óskar eftir að fá allar beiðnir sem hafa áhrif á kirkjugarðinn inn áður en stofnunin tekur afstöðu til leyfisveitniga sem hafa áhrif á garðinn. Umsjónarmaður framkvæmda hafði tilkynnt forstöðumanni Minjastofnunar að hann hefði sent dómsmálaráðuneytinu erindi vegna óskar um að fá vinnuaðstöðu í Víkurgarði. Forstöðumanni Minjastofnunar er ekki kunnugt um hvort það reynist rétt. Minjastofnun brást við erindi Veitna um að tryggja háspennulögn til að hún skaði ekki fólk og veitti leyfi til þess í dag. Sú leyfisveiting hefur verið í biðstöðu í nokkrar vikur og er beðið eftir að kirkjugarðaráð og ráðuneyti fjalli um beiðni vegna vinnuaðstöðu áður en Minjastofnun tekur afstöðu til umsóknarinnar. Stofnunin gefur ekki heimild til uppgrftar við Austurvöll tengdum stígalagningu, sem óskað hefur verið eftir, og mælir með annarri lausn við að leggja stíg milli Alþingishúss og húsi við Austurvöll þar sem nefndir þingsins hafa aðsetur.

Fleira ekki gert  
Fundu slitið kl. 16:15.

---

Ragnhildur Benediksdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari